

## 9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Verslunarskóla Íslands eða annars sambærilegs aðila, sem fellur undir málaflökka þá, sem getur í 2. gr. reglugerðar nr. 748/1983 um frádrátt vegna gjafa til menningarmála o. fl. eða í reglum, sem síðar kunna að leysa þessa reglugerð af hólmi.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

*Reykjavík, 4. apríl 1984.*

**Þorvaldur Guðmundsson.**  
**Ingibjörg Guðmundsdóttir.**

## AUGLÝSING

### um friðlýsingu Hamarsins í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur Náttúruverndarráð að tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkt fyrir sitt leyti að friðlýsa Hamarinn í Hafnarfirði sem náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru sem hér greinir:

Mörkin fylgja hnitapunktum í hnitakerfi Reykjavíkur frá árinu 1951 og eru beinar línur milli eftirtalinna punkta: Frá punkti merktum nr. 1 á uppdrætti norðvestan hússins nr. 22A við Öldugötu ( $x=22922.71$ ,  $y=9011.07$ ) liggja mörkin til suðvesturs að punkti nr. 2 ( $x=22949.18$ ,  $y=8969.19$ ). Þaðan liggja þau til vesturs að punkti nr. 3 norðan Flensborgarskóla ( $x=23102.05$ ,  $y=8984.12$ ), og áfram til vesturs að punkti nr. 4 norðan Flensborgarskóla ( $x=23122.15$ ,  $y=8990.52$ ). Þar beygja mörkin til norðurs að punkti nr. 5 sunnan hússins nr. 8 við Lækjargötu ( $x=23093.32$ ,  $y=9102.42$ ), og síðan til norðausturs að punkti nr. 6 sunnan hússins nr. 18 við Lækjargötu ( $x=22998.06$ ,  $y=9125.53$ ). Þaðan til suðausturs að punkti nr. 1.

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask sem breytt getur útliti eða edli svæðisins eru óheimil, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs. Þó er bæjarstjórn heimilt, í samræmi við skipulag Hamarssvæðisins og í samráði við Náttúruverndarráð, að láta planta trjágróðri, leggja gangstíga og setja upp bekki og annan búnað í þágu útivistar á svæðinu.
2. Svæðið er einungis opið gangandi fólki og skal það gæta góðrar umgengni.
3. Náttúruverndarnefnd Hafnarfjarðar hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði Náttúruverndarráðs og bæjarstjórnar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs og náttúruverndarnefndar Hafnarfjarðar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.  
 Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 10. apríl 1984.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

